

**Fundargerð 58. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 19. mars 2021, kl. 09:00 á Teams (fjarfundur).**

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Jón Ásgeirsson, Hanna María Kristinsdóttir

Forföll: Sigrún Ásta Elefsen, Berglind Kristinsdóttir, Sigurgestur Guðlaugsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson & Þuríður Aradóttir Braun

**1. Jarðhræringar á Reykjanesi**

Farið var yfir stöðuna og rætt um hlutverk sveitarfélaganna og Reykjanes Geopark. Þá var rætt um þau tækifæri sem felast í athyglinni sem Reykjanes fær um þessar mundir.

**2. Úthlutun framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Landsáætlun 2021-2023**

Farið var yfir úthlutaða styrki, synjaða styrki og aðra styrki sem verkefni á svæðinu fengu. Einnig var rifjað upp önnur verkefni á Landsáætlun. Æskilegt er að safna saman öllum umsóknum eldri verkefna, núverandi verkefna og tilvonandi verkefna á svæðinu sem falla undir slíka sjóði, svo stjórnarmenn hafi aðgang að slíkum upplýsingum, eigi það einnig við um umsóknir annara aðila en þeir sem aðild eiga að jarðvanginum. Í ljósi umræðna á fundinum er vert að gera áætlun um hvernig umsóknum Reykjanes geopark og sveitarfélaganna sé háttað þannig að ein umsókn hindri ekki aðra. Einnig vakti úthlutun sjóðsins undrun m.t.t. að verkefni sem er innan áherslusvæðis uppbyggingar Reykjanes Geopark var synjað um styrk annað árið í röð.

**3. Veröld Vættanna – Bergrisinn vaknar, útgáfa og afhending. Til upplýsinga**

Allir nemendur á Reykjanesi í 1-3. bekk fengu bók ásamt korti og litabók vað gjöf frá Reykjanes Geopark. Sjóntvarp vikufrétta slóst með í för þegar nemendum í Grindavík og Vogum fengu gjöfina með tilheyrandi umfjöllun. Mikil ánægja hjá börnunum og skólastjórnendum.

**4. Önnur mál**

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:50

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson